



STARFSMAAFÉLAG REYKJAVÍKURBORGAR

FRETTABRÉF

3. tbl. 42. árg. júní. 2007



Uppsögn á Landspítala dæmd ólögleg viðtal við Salmann Tamimi



**Fréttabréfið fékk Salmann í viðtal í til-
efni af nýuppkveðnum dómi í hæsta-
rétti um ólöglega uppsögn hans af
Landspítala Háskólasjúkrahúsi.**

Salmann hafði unnið í tæp 11 ár á tölvudeild spítalans þegar honum, ásamt 4 öðrum starfsmönnum, var sagt upp og var uppgöfin ástæða skipulagsbreytingar. Salmann óskaði strax eftir rökstuðningi á uppsögninni og í svari frá spítalanum kom fram að það stæði til að hætta að þróa það tölvukerfi sem Salmann hafði unnið við síðastliðin 2 ár.

Uppsögnina segir Salmann hafa verið

mikið áfall fyrir sig og óvænt eftir áralangt farsælt starf innan spítalans. „Ég hef aldrei fengið nema jákvæðar umsagnir um störf mín hjá mínum yfirmönnum. Því kom þessi uppsögn mér mjög á óvart.“

Salmann var deildarstjóri á þjónustudeild á Sjúkrahúsi Reykjavíkur í Fossvogi fyrir sameiningu spítalanna en verkefnisstjóri eftir sameiningu. „Ég var ekki ráðinn til starfa til þess að vinna við eitthvað eitt tölvukerfi, ég er ekki einnota. Í gegn um tíðina hef ég unnið við margvísleg tölvukerfi,

enda ör þróun á þessu sviði, ég hef unnið bæði við hönnun, þjónustu og innleiðingu á ýmsum tölvukerfum innan spítalans.“

„Ég tók ákvörðun um að kæra uppsögnina og bróðursonur minn Einar Páll Tamimi, sem er lögfræðingur tók að sér að reka málið í héraðsdómi en þar tapaði ég málinu. Einar hvatti mig til þess að fara með málið fyrir hæstarétt en ég hafði ekki efni á því en hann hélt áfram og sagðist vilja borga fyrir það ef ég tapaði. Starfsmannafélagið var búið að hafa samband við spítalann og fann ekkert ólöglegt við uppsögnina en

samt sem áður hafði ég vilýrði fyrir því að félagið mundi styrkja mig í málsókninni. Félagið hefur veitt mér andlegan styrk en mætti hafa staðið fastar með mér og skoðað málið betur, mér finnst mikilvægt að félagið bregðist skjótt við í svona málum.“

„Ég held að vinnuveitendur séu farnir í auknu mæli að nota svokallaðar „skipulagsbreytingar“ til þess að losa sig við fólk á auðveldan hátt. Einnig heyrir maður um að fólk sé verkefnaráðið en það þýðir að mun auðveldara er að losa sig við starfsmenn, þetta held ég að stéttarfélag ættu að skoða vel og vara við.“

„Á hátíðarstundum tala vinnuveitendur um mannaúðinn en mér finnst ekki verið að hugsa um starfsmenn sem auð heldur frekar að það sé verið að kreista út úr fólki vinnu og svo megi bara kasta því.“

„Uppsögn mín hefur þau áhrif að ég hef átt erfitt með að fá vinnu í þessum geira aftur. Ég er búinn að sækja um víða en hef ekkert fengið - enda kannski fólk ekki tilbúið að ráða tölvunarfræðing sem sagt hefur verið upp hjá ríkinu og fer svo í mál út af því. En ég vil helst af öllu fá gamla starfið mitt aftur, ég átti gott samstarfsfólk.“ Salmann er ánægður með lok þessa máls og að hann hafi unnið málið í hæstarétti. Hann telur að þetta mál sé gott dæmi um uppsögn vegna skipulagsbreytinga, sem reynist ólögleg.

Fréttabréf

Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar
Útgefandi:

Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar
Grettisgötu 89
105 Reykjavík

Sími: 525 8330 Fax: 525 8339

strv@bsrb.is

www.strv.is

Ábyrgðarmaður: Garðar Hilmarsson

Ritstjóri: Jakobína Þórðardóttir

Ritnefnd: Ragnhildur Helgadóttir, Jón Ingi

Hilmarsson og Dagný Guðmundsdóttir

Umbrot: Hjá OSS ehf.

Prófarkalestur: Gunnar Ingi Jónsson

Hönnun: PJE ERR

Prentumsjón: Hjá OSS ehf.

Mynd forsíðu: Olgeir Skúli Sverrisson

Aðrar myndir: Jakobína Þórðard. ofl.

Starfsmenn skrifstofu St.Rv.:

Ása Clausen, fjármálastjóri
Garðar Hilmarsson starfandi form.
Gunnar Ingi Jónsson, verkefnisstj.
Jakobína Þórðardóttir,
fræðslu- og upplýsingafulltrúi
Sjón Ingólfsdóttir, verkefnisstjóri

asaclausen@strv.bsrb.is
gardar@strv.bsrb.is
gunnaringi@strv.bsrb.is

jakobina@strv.bsrb.is
sjofn@strv.bsrb.is

Stjórn St.Rv.:

Garðar Hilmarsson - formaður
Guðrjúður Sigurbjörnsdóttir
Guðrún Árnadóttir
Hallgerður Inga Gestsdóttir
Jakobína Þórðardóttir - varaform.
Jón Ingi Hilmarsson - ritari
Jónas Engilbertsson
Ragnhildur Helgadóttir
Vígundur Rúnar Jónsson - gjaldkeri
Þóra Sigurðardóttir
Þórdís Sigurðardóttir

gardar@strv.bsrb.is
gudridur@borgarbokasafn.is
gudrunam@fel.rvk.is
hallgerdur.inga.gestsdottir@reykjavik.is
jakobina@strv.bsrb.is
jhilmars@landspitali.is
holaberg@talnet.is
raggah@itr.is
viglundur.runar.jonsson@or.is
thoras@rvk.is
tordisey@itr.is



Hótelmiðar Fosshótel

Orlofsnefnd hefur ákveðið að bjóða félagsmönnum gistimiða á Fosshótelunum, sem staðsett eru vítt og breytt um landið. Miðar eru seldir á skrifstofu félagsins á meðan upplag endist.

Verð á gistimiða er kr. 4.300,- fyrir tveggja manna herbergi með baði ásamt morgunverði sem gildir til 31. desember 2007.

Athugið að greiða þarf viðbótargjald, sjá neðar.

* EKKERT aukgjald er greitt fyrir eitt barn yngra en tólf ára.

* Gestir greiða síðan eftirfarandi aukagjald á viðkomandi hóteli:

-kr 1.500,- í júlí og ágúst á Fosshótel Áningu og Fosshótel Nesbúð.

-kr 3.500,- í júlí og ágúst 2007 fyrir herbergi á Fosshótel Lind, Baron og Suðurgata í Reykjavík, Fosshotel Reykholti/Borgarfirði, Fosshótel Laugum, Fosshótel Húsavík, Fosshótel Hallormsstað, Fosshótel Vatnajökli/Höfn, Fosshótel Mosfell.

-kr 1.500,- í jan.-jún. 2007 og sept.-des. 2007 fyrir herbergi á Fosshótel Lind og Baron Reykjavík.

-kr 2.900,- fyrir auka rúm.

Fosshótel á Íslandi eru:

Fosshótel Lind

Rauðarárstígur 18 -101 R.vík
allt árið
562 3350

Fosshótel Baron

Barónstígur 2, v/Skúlagötu -101 R.vík
allt árið
562 3204

Fosshótel Suðurgata

Suðurgötu -101 R.vík
03.06- 23.08
562 4018

Fosshótel Húsavík

Ketilsbraut 22 -640 Húsavík
allt árið
464 1220

Fosshótel Nesbúð

Nesjavellir -801 Selfoss
allt árið
482 3415

Fosshótel Mosfell

Prúðvangur 6 -850 Hella
allt árið
487 5828

Fosshótel Reykholt

320 Reykholt
allt árið
435 1260

Fosshótel Vatnajökull

Lindarbakka -781 Hornarfirði
15.05.- 25.09
478 2555

Fosshótel Laugar

650 Laugar
01.06.- 23.08
464 6300

Fosshótel Áning

Skagfirðingsbraut 21 -550 Sauðárkrók
01.06.- 21.08
453 6717

Fosshótel Hallormsstaður

701 Hallormsst.
06.06.- 25.08
471 1705

Miðar sem ekki eru notaðir verða ekki endurgreiddir heldur er hægt að endurnýja þá gegn kr. 100,- gjaldi á hvern miða hjá Fosshótelum.
Nánari upplýsingar er að fá í síma 562 4000 eða á heimasíðunni <http://www.fosshotel.is/en/index.php>

Hótelmiðar Edduhótel

Eins og kynnt var í síðasta Fréttabréfi verða niðurgreiddir miðar á Edduhótelunum fyrir félagsmenn.

Verð á gistinóttu er 4.300 kr. Miðarnir verða seldir á skrifstofu Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar, Grettisgötu 89, 3. hæð, frá og með 1. júní, og gildir hver miði fyrir tveggja manna herbergi með handlaug. Sé óskað eftir herbergi með baði verður að greiða aukalega fyrir það.

Leyfilegt er að hafa börn með sér í herbergi, hótelið útvegur dýnur án gjalds en rúmfatnað þarf fólk að koma með. Miðarnir gilda á 15 Edduhótel víðsvegar um landið. Gestir sjá sjálfir um að bóka gistingu. Morgunverður er ekki innifalinn. Þegar keyptar eru veitingar á Edduhótelunum fá börn 0-5 ára frían mat en 6-12 ára greiða hálf gjald.

Edduhótelin eru almennt opin á tímabilinu byrjun júní til ágústloka en þó eru undantekningar á því sem félagsmönnum er bent á að kynna sér sérstaklega hjá starfsmönnum Edduhótelanna í síma 444-4000. Upplýsingar um Edduhótelin er að finna á heimasíðu www.hoteledda.is

Athugið að það er takmarkað upplag af miðum, þannig að þeir verða seldir á meðan upplag endist.

Athugið að sum hótélanna eru aðeins með herbergjum með baði og þarf þá að greiða aukalega fyrir þau.



Ferð eftirlaunahóps í sumar dagsferð í Þórsmörk

Hin árlega sumarferð eftirlaunahóps
Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar verður farin 26. Júní.

Lagt verður af stað frá Grettisgötu 89 kl. 8:30 og haldið verður í Þórsmörk þar verður snætt nesti sem fólk tekur með sér. Síðan mun Þórunn Þórðardóttir leiða ferðalangana af sinni alkunnu snilld um Fjótshlíðina og Suðurlandsundirlendið. Í lok dags verður snætt í Rauða húsinu á Eyrarbakka.

Ferðin kosta 4000 kr. á mann.
Skráning fyrir 21. Júní í síma 525-8330 eða á heimasíðu félagsins strv.is

Akstursgreiðslur

Akstursgjald ríkisstarfsmanna - auglýsing nr. 1/2007 5/2007
(gildir fyrir alla félagsmenn í St.Rv.)

Ferðakostnaðarnefnd hefur ákveðið akstursgjald í aksturssamningum ríkisstarfsmanna og ríkisstofnana sem hér segir:

Almennt gjald

1. Fyrstu 10.000 km - kr. 69,50 pr. km
2. Frá 10.000 til 20.000 km - 62,50 pr. km
3. Umfram 20.000 km - 55,50 pr. km

Við útreikning á sérstöku gjaldi skal bæta 15% álagi á almenna gjaldið og við útreikning á torfærugjaldi skal bæta 45% álagi á almenna gjaldið.

Akstursgjald þetta gildir frá og með 1. júní 2007. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 5/2006 dagsett 8. nóvember 2006.

Vakin er athygli á því að auglýsingar ferðakostnaðarnefndar eru birtar á vefsíðu fjármálaráðuneytisins. Þar er auk þess að finna reglur nefndarinnar um greiðslu dagpeninga erlendis og greinargerð um forsendur útreikninga akstursgjalds og dagpeninga.

Veffangið www.fjarmalaraduneyti.is/ferdakostn.html.

Reykjavík, 23. maí 2007

Ferðakostnaðarnefnd

Vissir þú að ...

Fyrir árið 1930 var almennur vinnutími frá klukkan sex á morgnana til klukkan sex á kvöldin, eða 72 tímar á viku. En það ár var vinnutími stytur um einn tíma á dag þannig að fólk hóf störf klukkan sjö að morgni og vinnuvikan þar með 66 tímar. Árið 1942 var vinnudagurinn stuttur niður í 8 klukkustundir en unnið var á laugardögum þannig að vinnuvikan var 48 tímar. Í kjarasamningum 1965 var samið um að vinnuvikan styttest niður í 44 tíma og 1971 var vinnuvikan stytt niður í 40 tíma og þar við situr.



Mataruppskriftir frá Íran

Raha sem starfar í Hinu húsinu kemur frá Íran. Þegar ég leitaði til hennar og spurði hana hvort hún ætti ekki einhverjar góðar uppskriftir frá heimalandi sínu þá sagðist hún ætla að tala við mömmu sína og byðja hana um uppskriftir og hér koma uppáhalds uppskriftir Raha.

Forréttur

Mast va Bademjan -Jógúrt og eggaldin

1 eggaldin
500 gr. jógúrt
1 geiri af hvítlauk

Þvo eggaldinið og þurka. Hita ofn í 230 °C Setja eggaldinið inn í ofn á bökunargrind. Mikilvægt að stinga göt í eggaldinið með gaffli áður en það er sett í ofninn, annars gæti það sprungið.

Skrælið eggaldin, skerið það niður og einnig hvítlaukinn. Stappið eggaldin og hvítlaukinn saman við jógúrtina, kryddið með smá salti og pipar.

Aðalréttur

Mahi Sorkhshodeh -Steiktur fiskur

800 gr. Flök af -aborra - líkast Steinbíti
1 tsk. Karry
1 tsk. turmerik
1 tsk. paprika
3 msk. Heilhveiti

Hrærið saman krydd og hveiti, þvoðið fiskinn og þurrkið. Veltið fiski upp úr hveitiblöndu. Steikið fiskinn á pönnu með hálfum cm af heitri olíu þannig að fiskurinn verði gullinn brúnn beggja vegna.

Berið fram með sírónusneiðum.

Eftirréttur

Rice with Safran -Hrísgrjón með safrani

1/2 bolli Basmati hrísgrjón
6 bollar vatn
1/2 tsk. safran
60 gr. Mönndlu flögur
20 gr. Pistasíuhnetur
2 msk. rósavatn
7-8 msk. sykur
1/2 tsk. Salt
Kanill

Skolið hrísgrjónin með köldu vatni og sjóðið þau í saltvatni í um eina klukkustund á lágum hita. Fleytið froðu ofan af með skeið. Bætið við safrani, rósavatni, sykri og helming af möndluflögum og sjóðið smá tíma í viðbót.

Borið fram í desertskaalum og stráðið restinni af möndluflögum, pistasíuhnetum og kanil stráð yfir. Borið fram kalt.

Verði þér að góðu!



Starfsdagur fulltrúaráðs undirbúningur fyrir stefnumótun félagsins



Það var myndarlegur hópur sem valdi að fjalla um kjaramálin og umræður eftir því fjörugar. Það þurfti tvær myndir til þess að festa þann hóp á filmu.



Starfsdagur fulltrúaráðs var haldinn þriðjudaginn 15. maí. Mætti glæsilegur hópur fulltrúa í Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar til starfa, fullir áhuga á starfsdaginn.

Markmiðið með þessum fundi var að fulltrúar kæmu sem mest og best að því að móta stefnu félagsins til næstu ára.

Starfsdagurinn hófst á því að Ragna Benedikta Garðarsdóttir frá Félagsvísindastofnun HÍ kynnti fyrstu niðurstöður Kjara- og þjónustukönnunar sem félagið réðst í að láta gera í febrúarmánuði þessa árs. Niðurstöður voru hinar áhuga-verðustu og margar spurningar vöknudu í hópnum.

Í framhaldi kynnti Garðar Hilmarsson formaður félagsins samantekt af morgunverðarfundum með félagsmönnum, sem haldnir hafa verið síðstliðið ár, en þar var tekinn pulsinn á því hvaða þjónustu og störf félagsmenn almennt telja að félagið eigi að sinna.

Eftir hádegi skipti fólk sér niður í hópa, sem það hafði þegar skráð sig í, og fjallaði um hvernig hinum ýmsu málaflokkum væri best fyrir komið í starfi félagsins.

Málefnið sem hóparnir fjölluðu um voru: Ímyndar, kynninga og þjóðfélagsmál, fræðslumál, fulltrúaráðið, kjaramál, orlofsmál, starfsmat - upplýsingar til félagsmanna og þjónusta félagsins.

Ábugasamur hópur fjallaði um orlofsmál félagsins.





Fjörugar umræður um ímynd félagsins, upplýsingamál og þjóðfélagsmál



Starfsmatið og upplýsingar til félagsmanna - þar voru heitar umræður



Tveir kallast það ekki hópur? Það voru aðeins tveir sem völdu að fjalla um þjónustu félagsins, enda kom í ljós í könnun að félagsmenn eru að öllu jöfnu ánægðir með þjónustuna hjá félaginu.



Kvennafans að fjalla um fræðslumálin.



Eittbvað hefur verið skemmtilegt í umræðum um fulltrúaráðið...



...og þær bléja og bléja

Allt um orlof í kjarasamningi

Orlof

Lágmarksorlof fyrir fullt starf er 192 vinnuskyldustundir miðað við fullt ársstarf. Starfsmaður, sem unnið hefur hluta af fullu starfi eða hluta úr ári, skal fá orlof 16 vinnuskyldustundir fyrir fullt mánaðarstarf.

Þegar starfsmaður í vaktavinnu fer í orlof, skal hann fá óyggjandi upplýsingar um, hvenær hann skuli mæta á vakt að orlofi loknu, og skal þá að jafnaði miða við, að vaktskrá haldist óbreytt.

Starfsmaður, sem náð hefur 30 ára aldri á því almanaksári, sem tímabil sumarorlofs tilheyrir, fær viðbótarorlof, sem svarar til 24 vinnuskyldustunda í dagvinnu. Starfsmaður, sem náð hefur 38 ára aldri fær enn að auki viðbótarorlof, sem svarar til 24 vinnuskyldustunda í dagvinnu.

Starfsmaður sem þegar hefur áunnið sér rétt umfram það sem getur í gr. 4.1.2 skal halda honum, en um frekari ávinnslu fer skv. gr. 4.1.2.

Orlofsfé og orlofsuppbót

Starfsmaður skal fá 10,17% orlofsfé á yfirvinnu og álagsgreiðslur samkvæmt samningi þessum. Við 30 ára aldur skal hann fá 11,59%. Við 38 ára aldur skal hann fá 13,04%. Taki starfsmaður laun eftir tímakaupi í dagvinnu, greiðist orlofsfé einnig af dagvinnukaupi.

Samningur um vörslu orlofsfjár í fylgiskjali við útgáfu kjarasamningsins

Hinn 1. júní ár hvert skal starfsmaður sem er í starfi til 30. apríl næst á undan fá greidda sérstaka eingreiðslu, orlofsuppbót, er miðast við fullt starf næstliðið orlofsár. Greitt skal hlutfallslega miðað við starfshlutfall og starfstíma. Hafi starfsmaður látið af starfi á orlofsárinu vegna aldurs eða eftir a.m.k. 3 mánaða (13 vikna) samfellt starf á orlofsárinu skal hann fá greidda orlofsuppbót hlutfallslega miðað við unninn tíma og starfshlutfall. Sama gildir ef starfsmaður var frá störfum vegna veikinda eftir að greiðsluskyldu stofnunar lýkur eða vegna fæðingarorlofs allt að 6 mánuðum. Orlofsuppbót er föst fjárhæð og er kr. 23.000 árið 2007.

Þeir tímavinnumenn sem vinna reglubundna vinnu njóta ávinnsuréttar skv. 4.2.2.

Tímavinnumaður fær fulla orlofsuppbót ef hann vinnur 1504 klst á ofangreindu tímabili en ella hlutfallslega

Orlofsárið

Orlofsárið er frá 1. maí til 30. apríl.

Sumarorlofstímabil

Tímabil sumarorlofs er frá 15. maí til 30. september.

Starfsmaður á rétt á að fá 160 vinnuskyldustunda orlof sitt á sumarorlofstímabili og allt að fullu orlofi á sama tíma verði því við komið vegna starfa stofnunarinnar.

Lenging orlofs: Sé orlof eða hluti orlofs tekið eftir að sumarorlofstímabili lýkur, skal sá hluti orlofsins lengjast um 1/4. Það sama gildir um orlof sem tekið er fyrir sumarorlofstímabil skv. beiðni stofnunar.

Ákvörðun orlofs

Yfirmaður ákveður í samráði við starfsmenn, hvenær orlof skuli veitt. Honum er skylt að verða við óskum starfsmanna um, hvenær orlof skuli veitt, að svo miklu leyti sem unnt er vegna starfseminnar. Yfirmaður skal fá skriflegar óskir starfsmanna um orlofstöku og skal að lokinni könnun á vilja starfsmanna tilkynna svo fljótt sem unnt er og í síðasta lagi mánuði fyrir upphaf sumarorlofstímabils, hvenær orlof skuli hefjast, nema sérstakar ástæður hamli. Vetrarorlof skal ákvarðað með minnst eins mánaðar fyrirvara.

4.5.2 Við skipulagningu orlofs vaktavinnumanna sem tekið er í samfellu skal að því stefnt að það byrji og endi á reglulegu fríi nema samkomulag sé um annað. Þetta á ekki við um orlof sem tekið er í hlutum.

Veikindi í orlofi

Veikist starfsmaður í orlofi telst sá tími, sem veikindunum nemur, ekki til orlofs, enda tilkynni starfsmaður um veikindin og sendi læknisvottorð sem sanni að hann geti ekki notið orlofsins vegna veikindanna. Hvort tveggja skal gert án ástæðulausrar tafar.

Starfsmaður sem veikist erlendis verður að vera við því búinn að sanna veikindi sín með erlendu læknisvottorði.

Uppbótarorlof skal veitt eftir því sem kostur er, á þeim tíma sem starfsmaður óskar, á tímabilinu 2. maí til 30. september, nema sérstaklega standi á.

Frestun orlofs

Nú tekur starfsmaður ekki það viðbótarorlof eitthvert ár, sem hann kann að eiga, skv. ósk yfirmanns, og á hann þá rétt á, með samþykki yfirmanns, að leggja saman viðbótarorlof þess árs við orlof næsta árs til orlofstöku síðara árið. Yfirmanni ber skylda til að skipuleggja orlofstöku með starfsmanni þannig að hið frestaða orlof nýtist.

Áunninn orlofsréttur

Greiða skal dánarbúi áunninn orlofsrétt látins starfsmanns.



19200 -Ungt fólk kýs

Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar (St.Rv.), SFR - stéttarfélag í almannajónustu og Hitt húsið héldu fund fyrir ungt fólk í Tjarnarbíói laugardaginn 28. apríl.

Yfirskrift fundarins vísaði til þess að þegar fundurinn hófst kl. 16 voru 19200 mínútur þar til kjördagur rynni upp, og hófst niðurtalning þegar fundur var settur.

Á fundinum fékk ungt fólk, markhópurinn var fólk á aldrinum 16-25, að spyrja úr sal fulltrúa frá öllum framboðum spjörunum úr, og einnig var hægt að senda spurningar til frambjóðenda bæði fyrir fund og á meðan á honum stóð á netfangið ungtfolklys@gmail.com.

Fundurinn var tekinn upp og hann sendur út á netinu á slóðinni <http://straumur.nyherji.is/rvk.asp>. Tæknin setti smá strik í reikninginn í byrjun þar sem ekki heyrðist hljóð en því var kippt í lag.

Útsendingin var svo klippt niður og hægt er að hlaða efnið niður af vefsíðum St.Rv., SFR og Hins Hússins.

Það er stýrihópur ungs fólks í SFR og St.Rv. sem á veg og vanda af þessari hugmynd, en þetta er ein leið til að ná til ungs fólks og koma þeirra hugðarefnum á framfæri. Stýrihópnum og samstarfsaðilum eru færðar bestu þakkir og þótti félögunum sérstaklega ánægjulegt að starfa með Hinu húsinu.

Fundarstjórar voru þau Halla Gunnarsdóttir og Sölvi Tryggvason. Fulltrúar flokkanna voru Ágúst Ólafur Ágústsson frá Samfylkingunni, Birgir Ármannsson frá Sjálfstæðisflokki, Guðjón Ólafur Jónsson frá Framsóknarflokki, Katrín Jakobsdóttir frá Vinstri grænum, Ósk Vilhjálmsdóttir frá Íslandshreyfingunni og Valdimar Leó Friðriksson frá Frjálslynda flokknum.



Lárus, Friðrik og Gulla kvöldið fyrir fundinn að vinna að undirbúningi, en það voru nokkur handtökin og stóð hópurinn sig frábærlega við þetta skemmtilega verkefni.



Lárus og Markús starfa báðir í Hinu húsinu, þeir voru frábærir samstarfsaðilar sem hafa mikla þekkingu á því að halda slíka uppákomu.

Íslenskt samfélag og menning - Námskeið fyrir félagsmenn af erlendum uppruna



Renata Peskova er félagsmaður í St.Rv. og starfar á leikskólanum Sólborg, hún er einnig trúnaðarmaður á vinnustaðnum. Síðastliðið haust tók fréttabréfið viðtal við Renötu þá kom sú hugmynd upp hjá henni, að halda námskeið fyrir erlenda félagsmenn, sem væri ekki tungumálanámskeið heldur námskeið á samfélagið og um réttindi og skyldur. Í framhaldi af því fengum við Renötu og Hallfríði Þórarinsdóttur til þess að hanna og kenna á slíku námskeiði.

Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar og SFR buðu í byrjun mars félagsmönnum af erlendum uppruna uppá nýtt námskeið. Það var hannað sérstaklega fyrir

erlent fólk á íslenskum vinnumarkaði sem vill kynnast samfélagi, vinnuréttindum og -skyldum og ekki síst íslensri menningu. Hallfríður Þórarinsdóttir lagði í fyrsta hluta námskeiðsins áherslu á þróun íslenska vinnumarkaðsins og samfélagsins í sambandi við búferlaflutninga og fjölmenningu og vann með hugtökin fordómar, staðalmyndir, menningarsjokk og menningarleg færni. Í þriðja hluta námskeiðsins sem kallaður var „From mudhuts to modernity“ talaði hún um þróun íslensks samfélags og áhrifamiklar breytingar sem gerðust á Íslandi sérlega á 20. öld. Renata Peskova Emilsson einbeitti sér í öðrum hluta námskeiðsins á hlutverk stéttarfélags, trúnaðarmennsku, réttindi og skyldur á vinnumarkaði og kjarasamning og á hinn bóginn upplýsti hún um lykil- og hjálparstofnanir sem gegna stóru hlutverki í lífi hvers þáttakanda á vinnumarkaði.

Viðbrögð þáttakenda voru mjög jákvæð. Töldu þeir námskeiðið vera bæði mikilvægt og áhugavert. Í heild sinni var námskeiðið talið mjög upplýsandi og fræðandi.

Icelandic society and culture -A course for non-icelandic members

In the beginning of March Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar and SFR offered their non-Icelandic members a new course. It was specially designed for foreign people on the Icelandic labour

market who want to get to know the society, their rights and duties at work and last but not least Icelandic culture. In the first part of the course Hallfríður Þórarinsdóttir focused on the development of the Icelandic labour market and society in connection with immigration and multicultural. She worked with concepts such as prejudice, stereotypes, culture shock and cultural competence. In the third part of the course that was called “From mudhuts to modernity” she talked about the development of Icelandic society and impressive changes that took place in Iceland particularly in the 20th century. In the second part of the course Renata Peskova Emilsson concentrated on the role of trade unions and of union representatives, rights and duties on the labour market and collective agreement. On the other hand she informed about key institutions and helping organisations that play a big role in the life of every participant on the labour market. Reactions to the course were very positive. The participants saw the topics as both important and interesting. As a whole the course was viewed as very informative and educative.



STYRKTARSJÓÐUR BSRB

Gleraugnakaup

Sjóðfélagi sem hefur verið félagsmaður í 12 mánuði af síðustu 24 mánuðum, fær styrk til gleraugnakaupa einu sinni á hverjum 48 mánuðum. Styrkurinn nemur 50% af kostnaði sem fer umfram 45.000 kr., þó að hámarki 40.000 kr. Dæmi: (75.000 kr. - 45.000 kr.) / 2 = 15.000 kr. styrkur

Upplýsingar um Styrktarsjóð BSRB er að finna á slóðinni: styrktarsjodur.bsrb.is

Tjaldstæði og veiði að Þórisstöðum

Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélag íslenska Járblendifélagsins hafa gert samkomulag um afnot félagsmanna St.Rv. af aðstöðu STJÁ að Þórisstöðum. Heimilt er öllum félagsmönnum í St.Rv., mökum þeirra og börnum upp að 16 ára aldri, aðgangur að tjaldstæðum í landi Þórisstaða í Svínadal, auk þess er félagsmönnum heimil veiði í eftirtöldum vötnum:

Geitabergsvatni, Þórisstaðavatni og Eyrarvatni þó er undanskilið svæði K.F.U.M.-manna sunnanvert við Eyrarvatn auk árstubbanna milli vatnanna.

Veiðitímabil er: 1. apríl til 25. september 2007.

Veiðitími er frá kl. 7:00 til 22:00 til og með 20. ágúst. Frá 21. ágúst er veiðitími frá kl. 7:00 til 21:00. Þeir sem nota þessa aðstöðu þurfa að geta staðfest að þeir séu félagsmenn í St.Rv. með félagsskírteini.



Öll orlofshús í einn pott

Nú eru öll orlofshús félagsins komin í einn pott til úthlutunar fyrir félagsmenn. Enn er eitthvað af vikum lausum í orlofshúsum í sumar. Félagsmenn eru hvattir til þess að hringja eða senda tölvupóst til félagsins til þess að athuga með orlofshús í sumar. Myndir eru komnar inn á heimasíðu félagsins af þeim orlofshúsum sem voru í eigu Starfsmannafélags Akraness og ekki voru myndir af í síðasta fréttabréfi.

Menningarhátíð í Munaðarnesi

BSRB býður þér/ykkur að vera við opnun menningarhátíðar BSRB í Munaðarnesi

laugardaginn 9. júní 2007 kl. 14.00

Opnuð verður sýning á verkum Guggu – Guðbjargar Hákonardóttur

Dagskrá:

Ávarp: Ögmundur Jónasson, formaður BSRB

Tónlist: Auður Hafsteinsdóttir, fiðla

Bryndís Halla Gylfadóttir, selló

Steinunn Birna Ragnarsdóttir, píanó

Upplestur: Steinunn Sigurðardóttir


Veitingar

**Sýningin er opin frá 9. júní til 1. október á afgreiðslutíma veitingasalarins
BSRB MUNAÐARNESI**

Miðar í Hvalfjarðargöngin

Á skrifstofu St.Rv. geta félagsmenn keypt staka miða í Hvalfjarðargöngin á afslætti. Hver miði kostar 540 kr. eins og Spölur býður upp á ef keypt eru 10 miða kort.

Verðlaunakrossgáta

	QIFÐ AR- MYNNI		BERJA TRÖLLIN LJÓKA	LEIKNI ÓBLAST SATAN	GEISLA- BAUG BYLI	PTLA BRÝST- INGUR	RÖDD
	→				→ TUNGA	↓	
	HEPPN- LEM KINDUR					BELJAKA PEFI	
			LÆKKI FJÖL- MÆLI		FLJÓT- UNLIM ATHUGAR		HÓLF
	DAGFEN SKO- BOTNAR				ÚTLING- UN RÖSK		HÁS
	HLJÓÐ- FERI	↓		HRÓGA KURFA- LING		LISTI HNAPP- LIR	1
	→		GELTI RUSL	SPURÐI ÖLM		ÖXULL MATAR- VEISLA	
	LOGA		SVÖRÐ FANG- ELSI		FÍFL ANGI	KER VENJ- LIR	
	KROPP- AÐI		3		KEYRSLA LÝKA		
	YOFU EKKI	6		TRJA- TEGUNO RSAMT			BOR
→		STRITTI KRAFT- AR			SVEIGUR LEIT		KELDA
RAF- ILL- MENNI			ÖBREYTT SNEMMA		SÚR- EFNI EGGJAR		5
↓		SPOTT MÖÐUR		TAKA MANN- NAFN		PLANTA ÓTTA	
→			BÍOSKRI HRÁÐA		PENING- AR BORÐAR		v
		KLAKI SKAÐA		TÍÐ ALL- MIKILL			GELTI KYLFIUR
VEIN RIGLÓF HYAÐ	4		ESPI TIGN- ASTI		STERT- LIR ABSTÖÐI		HLUT- VERK
		BJARTA MANN- ESKJUR			H'AR' HLJFI	SKOÐI	NESTI
→			KOPAR GUFU			ÞUKUM ÞABURB- LIR	
VEIÐI ÓTTAST		SKENS BOGI					2
→		ÞAGENG- IR			FOR- FEBUR	SÖNG- RÖDD	
HRÝÐJA SOFI			SMEKKA				SAMTÖK

Verðlaunakrossgátan er orðin að föstum lið í Fréttabréfi St.Rv. Dregið verður úr réttum lausnum til verðlauna. Verðlaunin eru val á milli 7.000 kr. greiðslu eða til helgardvalar í orlofshúsum félagsins frá 15. september – 1. maí að undanskildum páskum, jólum og áramótum. Við skorum á félagsmenn að taka þátt – síðasti móttökudagur á lausnum er 15. júlí 2007.